

# FRAMTÍÐIN ER OKKAR

DJÚPAR RÆTUR Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI



**SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ HJÁ ORIGO**  
Sjálfbærnistefna

# 1 SJÁLFBÆRNISTEFNA ORIGO

## Stefna í samfélagslegri ábyrgð

Origo er leiðandi þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og felst hlutverk félagsins í að aðstoða viðskiptavinum við að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hjá Origo starfa um 500 sérfræðingar í upplýsingatækni. Félagið vinnur margvísleg verkefni á sviði sjálfbærni og hefur áhrif víða í virðiskeðjunni.

Áherslur sjálfbærni og samfélagsábyrgðar kalla á uppbyggingu nýrra viðskiptamóðela þar sem hugað er að því að kjarnastarfsemi rekstrareiningar leggi sitt fram til að byggja upp sjálfbæran heim. Sjálfbærnistefna þessi nær utan um samfélagslega ábyrgð Origo í víðtæku samhengi og munu hugtökin sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð verða notuð jöfnum höndum í stefnuyfirlýsingunni. Með sjálfbærnistefnu lýsir félagið því yfir að það ætlar á ábyrgan hátt að vinna að því að lágmark neikvæð áhrif á samfélagið og auka þau jákvæðu. Með gjörðum sínum leggur félagið áherslu á að hafa áhrif á hagaðila félagsins og beita áhrifum upplýsingatækninnar til góðs fyrir umhverfi, félagsleg og stjórnunarleg málefni.

Breiður hópur starfsmanna kom að mótun stefnunnar og að vinnu við val á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Vinnan fór fram á tveimur fjarvinnustofum um sjálfbærnimál. Stefnan nær til móðurfélagsins Origo og einnig til allra dótturfélaganna sem eru Tölvutek ehf, Unimaze og Applicon AB. Hún er í anda stefnumótunar félagsins og tekur mið af gildum þess, samsterk, fagdjörf, þjónustuframsýn.



**Samsterk**



**Fagdjörf**



**Þjónustuframsýn**

Þessi nýyrði vísa til þeirra vinnubragða, sem eru hverju framsæknu þjónustufyrirtæki mikilvæg og felast í samstarfi, fagmennsku, dirfsku og frumkvæði. [Sjá nánar.](#)

## 1.1 HAGADILAR

Helstu hagaðilar Origo eru viðskiptavinir, dótturfélög, starfsmenn, birgjar, samstarfsaðilar, fyrirtæki og stofnanir. Origo getur haft mikil áhrif á hagaðila sína með gjörðum sínum þar sem um 30% af vinnuafli landsins starfar hjá viðskiptavinum félagsins. Origo ætlar því að ganga á undan með góðu fordæmi í sjálfbærnimálum og veita skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um árangur félagsins. Félagið mun í framtíðinni leitast við að virkja hagaðila sína til góðra verka og hvetja þá til dáða.



## 1.2 FERÐALAG OKKAR TIL SJÁLFBÆRNI


Árið 2015 setti Origo sér umhverfisstefnu og aðgerðaráætlun í umhverfismálum auk þess að skrifa undir Loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu. Flokkun á úrgangi hófst fyrir alvöru árið 2016 og samið var við Klappir grænar lausnir árið 2017 um umhverfismælingar og mælingar á kolefnisspori fyrirtækisins. Origo hefur í gegnum árin veitt margvíslega styrki til samfélagslegra málefna og lagt mikla áherslu á góða tengingu við starfsmenn og samfélagið allt. Jafnlaunavottun kom í hús í fyrsta sinn árið 2018 og UFS uppgjör var gert í samstarfi við Klappir grænar lausnir árið 2019. Origo mælir og fylgir eftir mælingum sem snúa að mannaúðs- og jafnréttismálum í eigin kerfum og er með virka heilsu- og mannaúðsstefnu. Stjórn Origo hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgir „Leiðbeiningum um **stjórnarhætti fyrirtækja**“ sem **Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland** og **Samtök atvinnulífsins** hafa gefið út.



## 1.3 VIÐ ERUM ÁBYRG

Stjórn félagsins samþykkir stefnuna en eigandi hennar er forstjóri Origo, sem ber jafnframt ábyrgð á reglulegri endurskoðun hennar að lágmarki á tveggja ára fresti. Forstjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd stefnunnar en hann mun skipa stýrihóp sem í sitja, ásamt honum sjálfum, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri mannaúðs. Sjálfbærnefnd sér um að framfylgja markmiðum og aðgerðum stefnunnar en hún samanstendur af stjórnendum félagsins og starfsmönnum. Nefndin mun sjá um eftirfylgni og reglulega endurskoðun en stefnunni fylgir einnig ítarleg aðgerðaráætlun. Um verkefni aðgerðaráætlunar verður fjallað á nefndarfundum a.m.k. tvisvar á ári.

## SKIPULAG SJÁLFBÆRNI



## 1.4 VIÐ SNERTUM SAMFÉLAGIÐ


Starfsemi upplýsingatæknifyrirtækja snertir marga mismunandi þætti samfélagsins svo sem framleiðslu og notkun á búnaði auk ýmissa áhrifa vegna mannafla sem vinnur í virðiskeðjunni. Origo er stór kaupandi búnaðar og þjónustu og getur því haft áhrif bæði í eigin starfsemi svo og í samstarfi við birgja og samstarfsaðila. Markmið stefnunnar er að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á samfélagið. Upplýsingatækni verður án efa í stóru hlutverki þegar kemur að því að leysa vandamál í umhverfismálum og draga úr neikvæðum loftslagsáhrifum á samfélagið. Nýsköpun og áhrif stafrænna lausna og gervigreindar eru þar mjög mikilvægir þættir.

Þar sem Origo er skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX) tekur stefnan í meginatriðum mið af **UFS viðmiðum** Nasdaq frá febrúar 2020. Sjálfbærnistefna Origo er þrískipt en hún tekur á þeim þáttum sem leiðbeiningar Nasdaq nota við að mæla og miðla umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Í markmiðum stefnunnar er tekið mið af núverandi stöðu samstæðunnar.

Stefnan tekur einnig mið af **heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna** og aðgerðaráætlun **stjórnvalda** í loftslagsmálum. Heimsmarkmiðin grundvallast á þremur stöðum sjálfbærrar þróunar; efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar. Origo hefur valið að styðja sérstaklega við fjögur þeirra; heimsmarkmið 5, jafnrétti kynjanna, heimsmarkmið 9, nýsköpun og uppbygging, heimsmarkmið 12 ábyrg neysla og heimsmarkmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum.



## SJÁLFBÆRNIÁHERSLUR



## 1.5 UMHVERFISÞÆTTIR (U)

Stefnuáherslur Origo í umhverfismálum fjalla um áhrif af starfsemi félagsins og leiðir til þess að draga úr neikvæðum áhrifum. Origo ætlar með stefnunni að leggja áherslu á að leggja sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar. Einnig ætlar félagið á ýmsan hátt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðstoða þannig íslensk stjórnvöld við að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins. Hluti þeirrar vinnu snýr að því að minnka alla sóun í virðiskeðjunni og mæla árangur vinnunnar.

Sjálfbærnistefnan er jafnframt umhverfisstefna félagsins. Origo mun með hjálp upplýsingatækni og þjónustu styðja viðskiptavinum sína og aðra hagsmunaaðila í stafrænni vegferð sem minnka munu umhverfisáhrif þeirra. Áherslur Origo í umhverfisþáttum styðja einnig við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga neyslu og aðgerðir í loftslagsmálum, heimsmarkmið 12 og 13.

### Markmið Origo í umhverfismálum eru eftirfarandi:

1. Origo leggur sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar samfélagsins og ætlar að hafa góð áhrif á starfsmenn, viðskiptavinum og aðra hagaðila.
2. Origo ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% til ársins 2030.
3. Origo ætlar að draga úr myndun úrgangs og ná endurvinnsluhlutfalli í 90% fram til ársins 2030.
4. Stuðla að umbúðalausum samfélagi.
5. Félagið ætlar að mæla árangurinn og greina frá honum opinberlega.
6. Origo ætlar að innleiða eftirlit með áhættu tengdri loftslagsmálum.

## 1.6 FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR (F)

Stefnuáherslur Origo í félagslegum málefnum eru hluti af sjálfbærnistefnu félagsins og fjalla um samskipti við starfsmenn, viðskiptavinum, birgja og aðra hagaðila. Lögð er áhersla á að allir fái notið sömu mannréttinda og leggur Origo áherslu á jafnrétti, kynjafjölbreytni, góða vinnuaðstöðu og sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Markmið okkar í félagslegum málefnum kristallast í mannauðsstefnu félagsins: Að verða eftirsóttasti vinnustaðurinn og laða þannig að fyrirtækinu hæfasta starfsfólkið til frambúðar. Origo virðir alþjóðleg mannréttindi og gerir sömu kröfur til sinna birgja. Félagið samþykkir ekki barna- og nauðungavinnu í virðiskeðju sinni og verður nánar fjallað um það í nýjum siðareglum félagsins og birgjamati. Origo leggur einnig áherslu á bann við andlegu og líkamlegu ofbeldi. Félagið hefur sett sér jafnréttisstefnu, jafnréttisáætlun og öðlast jafnlaunavottun BSI.

Það er auk þess stefna Origo að efla tengsl tæknigreina á mismunandi skólastigum við atvinnulífið, ýta undir nýsköpun í tæknigreinum, efla stöðir slíks náms og tryggja nægilegt framboð framúrskarandi tæknimenntaðs starfsfólks á komandi árum. Origo styrkir því verkefni sem hafa það markmið að efla nýsköpun og hvetja ungt fólk til þátttöku í tæknigreinum.

Origo hefur í gegnum árin veitt margvíslega styrki til samfélagslegra málefna og lagt áherslu á góða tengingu við starfsmenn og samfélagið allt. Origo styður verkefni í samfélaginu á sviði mannúðarmála, forvarnar- og æskulýðsstarfs, rannsókna, umhverfismála og náttúruverndar. Styrkirnir eru hugsaðir sem hvatning til að láta gott af sér leiða. Unnið verður eftir heimsmarkmiðum 5 og 9.

1. Origo leggur áherslu á að allir fái notið sömu mannréttinda og tækifæra hjá félaginu.
2. Origo leitast við að vinna að kynjafjölbreytni og markmiðum jafnréttismála.
3. Origo vinnur markvisst að því að stuðla að heilbrigði starfsmanna.
4. Origo samþykkir ekki misrétti á vinnumarkaði eða þrælkunar- og barnavinnu og mun fylgja því eftir í virðiskeðjunni.
5. Lögð er áhersla á að styrkja ímynd Origo sem vinnustaðar þar sem áhersla er lögð á umhverfisvænan lífsstíl og jafnréttismenningu.
6. Origo leggur áherslu á stafræna vegferð og nýsköpun.

## 1.7 STJÓRNARHÆTTIR (S)

Stefnuáherslur Origo í stjórnarháttum snúa að stjórn félagsins og stjórnendum, innra eftirliti og réttindum hluthafa. Stjórnkerfi Origo tekur mið af **lögum um hlutafélög**. Stjórn Origo hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Lögð er áhersla á að virða reglur um kjarasamninga og í siðareglum er fjallað um reglur og æskilega háttsemi birgja, aðgerðir gegn spillingu og mannréttinda- og persónuverndarmálefni. Stjórnin hefur sett sér **starfsreglur** og skuldbinda stjórnarmenn sig til þess að hlíta þeim þegar þeir taka sæti í stjórn félagsins. Starfsreglurnar fjalla um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnar félagsins og taka einnig að nokkru leyti til starfa forstjóra félagsins. Lögð er mikil áhersla á reglulega upplýsingagjöf í sjálfbærnimálefnum og að starfsemin verði tekin út af ytri aðila.

1. Origo leggur áherslu á réttindi starfsmanna sinna.
2. Origo ætlar að endurskoða siðareglur birgja og innleiða birgjamat hjá samstæðunni.
3. Stöðug eftirfylgni við birgjamöt.
4. Upplýsa og fræða hagaðila um sjálfbærni verkefni Origo.
5. Origo leggur áherslu á öryggi gagna og persónuvernd fyrir viðskiptavinum sína.
6. Origo innleiðir mat á UFS áhættu fyrirtækisins.

## 1.8 KOLEFNISJÖFNUN STARFSEMINNAR

Sjálfbærnistefna Origo er til marks um góðan vilja á vegferð til sjálfbærni en hún mun aðstoða félagið við forgangsröðun þeirra verkefna sem skipta munu mestu máli fyrir framtíðina. Origo hefur lagt áherslu á að sjálfbærnistefnan og mælingar á árangri vegna hennar séu unnar innan ramma þeirra innlendu og alþjóðlegu laga og reglugerða sem snúa að hinum þremur UFS þáttum. Við útreikninga á umhverfisuppgjöri Origo er stuðst við „Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. Umhverfismælingarnar fara fram í uppgjöri sem tekið er út úr kerfi Klappa en aðrar mælingar eru teknar út úr upplýsingakerfum Origo. Þessar nákvæmu upplýsingar munu aðstoða félagið við kolefnisjöfnun starfseminnar.

Órjúfanlegur hluti af stefnunni eru sex markmið fyrir hvern flokk, umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti. Einnig fylgir með nákvæm aðgerðaráætlun ásamt leiðum til að ná fram helstu markmiðum stefnunnar. Heildar sjálfbærniuppgjör Origo verður gert samkvæmt UFS leiðbeiningum Nasdaq í takt við stefnuna.